



REGLUR UM VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI STARFSMANNA LANDSBANKANS

Regla nr. NBICI05-09 | Samþykkt í mars 2009 | Endurskoðun í mars 2010 | Regluvarsla

1. TILGANGUR REGLANNA

Tilgangur reglna um verðbréfavíðskipti starfsmanna (hér eftir nefndar „reglur“) er að uppfylla 10. gr. reglugerðar nr. 995/2007, um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja og að standa vörð um orðspor NBI hf. (hér eftir nefndur „Landsbankinn“ eða „bankinn“) með því að tryggja að engin víðskipti fari fram sem geti gefið tilefni til gagnrýni á stjórnarhætti, stjórnendum og starfsmenn eða stofni hagsmunum víðskiptavina í hættu.

2. GILDISSVIÐ

Með verðbréfavíðskiptum er í reglum þessum átt við hvers konar víðskipti með fjármálagerninga skv. lögum nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti. Reglurnar taka einnig til víðskipta með gjaldeyri (stöðutöku) þegar í hlut eiga starfsmenn gjaldeyrismiðlunar, afleiðumiðlunar og fjárstýringar. Reglurnar taka ekki til víðskipta framangreindra starfsmanna með gjaldeyri þegar tilgangur víðskipta er kaup á vörum eða þjónustu, greiðsla lána í erlendri mynt eða ferðalög til útlanda.

3. AÐILAR SEM FALLA UNDIR REGLURNAR

Reglur þessar gilda að fullu og öllu leyti um eftirfarandi starfsmenn:

- Bankastjóra, innri endurskoðanda, framkvæmdastjóra, yfirmenn sviða, forstöðumenn, umboðsmann víðskiptavina, útibússtjóra og staðgengla þeirra
- Alla starfsmenn á skrifstofu bankastjóra, í innri endurskoðun, á víðskiptabankasviði að undanskilinni kortadeild, á fjármálasviði, fyrirtækjasviði, hagfræðideild, rekstrarsviði að undanskilinni miðvinnslu og lánasýslu, áhættustýringu, lögfræðisviði og skjalastjórnun.
- Þá starfsmenn útibúa sem annast ráðgjöf og sölu fjármálagerninga (verðbréfatenglar).

Reglurnar gilda einnig um maka, sambúðaraðila, samvistarmaka og ófjárráða börn á heimili starfsmanna.

Reglurnar gilda jafnframt um eignarhaldsfélög framangreindra aðila eða önnur félög sem þeir geta með beinum eða óbeinum hætti, í skjóli eignaraðildar og/eða stjórnarsetu, tekið þátt í ákvörðunum um viðskipti sem reglur þessar taka til.

Allar tilvísanir til starfsmanna í reglunum eiga einnig við um maka, sambúðaraðila, samvistarmaka, ófjárráða börn á heimili starfsmanna og eignarhaldsfélög í þeirra eigu nema annað sé tekið fram.

Reglurnar gilda ekki um viðskipti bankaráðsmanna, sbr. þó 20. gr. reglnanna.

Eftirlit regluvarðar á grundvelli reglulegra yfirlita taka til verðbréfiðskipta allra starfsmanna bankans. Á grundvelli slíks eftirlits getur regluvarður í samráði við innri endurskoðanda jafnframt ákveðið að ákvæði 4. gr. reglna þessara um feril viðskipta og tímabundið bann við viðskiptum með ákveðna fjármálagerninga, taki til bankaráðsmanna. Tilkynna skal viðkomandi aðila um slíka ákvörðun skriflega eða með tölvupósti.

Starfsmenn skulu sýna aðgætni í viðskiptum sínum með fjármálagerninga og gæta þess að þau rekist á engan hátt við hagsmuni viðskiptavina.

4. FERILL VIÐSKIPTA

Starfsmenn skulu afla fyrirfram samþykkis regluvarðar til viðskipta með fjármálagerninga, þ.m.t. óskráð verðbréf. Í því skyni skulu starfsmenn fylla út umsókn á innri vef bankans „Rafræn umsókn um heimild til verðbréfiðskipta“. Ekki er heimilt að eiga viðskipti fyrr en regluvarður hefur veitt heimild til viðskiptanna. Til að tryggja að ekki sé hætt á hagsmunaárekstrum er regluverði heimilt að leita áhlits næsta yfirmanns starfsmanns áður en heimild er veitt til viðskipta.

Regluvarður hefur heimild til að banna viðskipti án rökstuðnings eða tímamarka. Þá kann heimild regluvarðar að vera bundin skilyrðum. Synjun regluvarðar getur talist til verðmótandi upplýsinga. Óheimilt er að miðla upplýsingum um synjun regluvarðar eða skilyrði heimildar til annarra starfsmanna eða aðila utan bankans.

Í þeim tilvikum sem heimildar regluvarðar er ekki aflað áður en viðskipti fara fram getur regluvarður afturkallað eða látið bakfæra viðskiptin. Í slíkum tilvikum ber sá starfsmaður sem í hlut á þann kostnað/tap sem af kann að hljóta. Hagnaður af slíkum viðskiptum kann að vera gerður upptækur.

Heimild til viðskipta gildir aðeins einn dag í senn – þ.e. þann dag sem heimild er veitt. Fari viðskipti ekki fram þann sama dag þurfa starfsmenn að óska eftir heimild regluvarðar að nýju.

Starfsmenn þurfa ekki að óska eftir fyrirfram samþykki regluvarðar fyrir viðskiptum í eftirfarandi tilfellum:

- a) Þegar um er að ræða kaup eða sölu verðbréfa- og fjárfestingarsjóða enda komi þeir ekki að rekstri eða uppgjöri verðbréfa- og fjárfestingarsjóða í daglegum störfum sínum.
- b) Þegar um er að ræða flutning lífeyrissparnaðar milli ávöxtunarleiða enda komi starfsmenn ekki að rekstri eða uppgjöri lífeyrissjóða hjá bankanum.
- c) Þegar um er að ræða tilboð um yfirtöku eða samruna þegar slík tilboð eru orðin, eða hafa verið lýst, skilyrðislaus.

Starfsmenn bera ábyrgð á eigin viðskiptum þrátt fyrir að regluvörður hafi veitt heimild til þeirra t.d. ef í ljós kemur að starfsmaður bjó yfir innherjaupplýsingum þegar viðskipti fóru fram.

5. TAKMARKANIR

Starfsmönnum er óheimilt að:

- a) Afgreiða sjálfir viðskipti sín og aðila sem þeir eru persónulega eða fjárhagslega tengdir. Þetta á bæði við um afgreiðslu í viðskiptakerfi Landsbankans og um önnur kerfi.
- b) Eiga viðskipti fyrir eigin reikning með því að nýta sér lánstraust og greiðslufresti bankans.
- c) Lána viðskiptavinum bankans eða öðrum starfsmönnum eigið fé.
- d) Taka þátt í fjárfestingarhópum (klúbbum) eða öðrum hliðstæðum félagsskap sem hefur þann tilgang að þátttakendur standi sameiginlega að fjárfestingum.

6. LÁGMARKSEIGNARHALDSTÍMI / TÍÐNI VIÐSKIPTA

Lágmarkseignarhaldstími fjármálagerninga sem starfsmenn kaupa skal vera einn mánuður frá dagsetningu viðskipta. Þetta á þó ekki við um hluti í Landsbankanum hafi bankinn tekið fjármálagerning til viðskipta í kauphöll, sbr. 7. gr.

Ekki er heimilt að gera afleiðusamninga til styttri tíma en eins mánaðar

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er starfsmönnum heimilt að selja fjármálagerninga innan mánaðar frá kaupum í eftirtöldum tilvikum en önnur ákvæði reglnanna gilda eftir sem áður um þau viðskipti, s.s. reglur um feril viðskipta o.fl.:

- a) Ef markaðsverð fjármálagerninga er jafnt eða lægra en upphaflegt kaupverð
- b) Ef um fjármálagerninga er að ræða sem eru skráðir á erlendum verðbréfamörkuðum og hafa mikla veltu á mælikvarða þess markaðar. Með veltumiklum fjármálagerningum er t.d. átt við fjármálagerninga sem mynda helstu vísitölur verðbréfa, s.s. S&P500 og FTSE100. Þó geta fjármálagerningar sem tengjast íslenskum hagsmunum ekki fallið undir þessa undantekningu og gildir því 1. mgr. um slíka fjármálagerninga.
- c) Ef um er að ræða fjármálagerninga sem starfsmenn hafa fengið við sölu fjármuna sinna.
- d) Ef um er að ræða fjármálagerninga sem starfsmenn hafa eignast áður en þeir hófu störf hjá bankanum eða áður en reglurnar tóku gildi gagnvart þeim
- e) Ef um er ræða hluti í bankanum sem starfsmenn hafa eignast vegna nýtingar á kauprétti.

Regluvörður getur einnig veitt undanþágur frá 1. mgr. vegna sérstakra aðstæðna eða breytinga á högum starfsmanns eftir að fjármálagerningarnir voru keyptir, s.s. vegna veikinda, slyss eða andláts í fjölskyldu hans, hjónaskilnaðar eða hann hefur eignast fjármálagerningana óvænt með öðrum hætti en kaupum, s.s. að arfi eða sem gjöf.

Ef um er að ræða fjármálagerning sem afhentur er sem hluti af arðgreiðslu eða fjármálagerningur sem kemur í stað annars slíks gernings t.d. við samruna eða yfirtöku hlutafélaga þar sem greitt er fyrir hluti í yfirteknu félagi með hlutum í yfirtökufélagi miðast eignarhaldstíminn við upphaflega hlutabréfið í eigu starfsmanns.

Almennt eru ekki takmarkanir á því hversu oft starfsmenn eiga viðskipti fyrir eigin reikning en regluvörður getur þó sett tiltekin mörk ef fjöldi viðskipta er að hans mati farinn að hafa áhrif á getu starfsmanns til að sinna starfi sínu.

7. VIÐSKIPTI MEÐ BRÉF ÚTGEFIN AF BANKANUM

Komi til þess að bankinn skrái hlutabréf sín á markaði gilda eftirtaldar reglur um viðskipti starfsmanna með hluti í bankanum:

- a) Ef um er að ræða lokuð tímabil, t.d. ef skammur tími er í að bankinn birti afkomutölur er starfsmanni óheimilt að eiga viðskipti með hluti í bankanum. Regluvörður metur hverju sinni hvenær tímabil telst lokað.
- b) Þriggja mánaða eignarhaldstími er á fjármálagerningum sem útgefnir eru af Landsbankanum.
- c) Engin viðskipti mega eiga sér stað ef starfsmaður býr yfir verðmótandi upplýsingum eða upplýsingum sem ekki hafa verið gerðar opinberar.

8. RÁÐGJÖF OG GREINING

Starfsmönnum sem í störfum sínum eru faglegir ráðgjafar eða trúnaðarmenn útgefenda fjármálagerninga mega ekki eiga viðskipti með fjármálagerninga viðkomandi útgefandi frá því að störfin hefjast og næstu þrjú mánuði eftir að störfum þeirra fyrir viðkomandi lýkur, nema þeirri vinnu ljúki fyrr með opinberri útgáfu á upplýsingum.

Slíkir ráðgjafar teljast innherjar skv. lögum um verðbréfavíðskipti hafi þeir tímabundið eða að jafnaði aðgang að innherjaupplýsingum og lúta þeim reglum sem um þá gilda.

Starfsmönnum er óheimilt að nýta sér innri greiningu fyrirtækis til að hagnast persónulega í verðbréfavíðskiptum ef niðurstöður greiningar eru ekki aðgengilegar viðskiptavinum. Regluvörður getur tímabundið bannað viðskipti starfsmanna með hluti í félagi sem fjallað er um í greiningu og ekki hefur verið gerð opinber.

9. SKRÁÐ/ÓSKRÁÐ VERÐBRÉF

Starfsmönnum er heimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga sem ekki eru skráðir á verðbréfamarkaði, svo framarlega sem ekki er hætt á hagsmunaaðrekstrum að mati regluvarðar. Ákvæði reglna þessara um feril viðskipta á við um viðskipti með óskráða fjármálagerninga sem og önnur ákvæði reglnanna.

10. VIÐSKIPTI MEÐ AFLEIÐUR

Starfsmönnum er óheimilt að eiga viðskipti með afleiður nema í þeim tilgangi að minnka áhættu sína. Þó er starfsmönnum heimilt að kaupa valrétti enda auki þeir á engan hátt áhættu starfsmanns. Áhættustýring leggur mat á áhættu starfsmanns af afleiðusamningum og skal regluvörður afla álits frá yfirmanni áhættustýringar áður en starfsmanni er veitt heimild til viðskipta með slíkar afleiður.

11. MILLIGANGA BANKANS

Bankinn skal vera milligönguaðili um öll viðskipti starfsmanna. Viðskipti þeirra er falla undir reglur þessar eru sérstaklega auðkennd í tölvukerfum bankans í þeim tilgangi að auðvelda gerð yfirlita yfir viðskiptin. Í þeim tilvikum þar sem aðstæður hamla því að viðskipti geti farið fram fyrir milligöngu bankans getur regluvörður veitt undanþágu og skal starfsmaður þá gefa skriflegt samþykki sitt fyrir því að regluvörður

geti aflað upplýsinga um öll viðskipti starfsmanns með fjármálagerninga gegnum það fjármálafyrirtæki sem um ræðir.

Starfsmönnum er einnig heimilt að eiga viðskipti gegnum einkabanka og E-Trade, en ákvæði kafla þessa um feril viðskipta gildir engu að síður um þau viðskipti auk annarra ákvæða reglnanna.

Ákvæði reglna þessara um milligöngu bankans og heimild regluvarðar á ekki við um maka starfsmanna er starfa hjá öðrum fjármálafyrirtækjum sem ber að setja sér sambærilegar reglur um verðbréfavíðskipti starfsmanna.

12. EINKABANKAÞJÓNUSTA

Starfsmaður þarf að tilkynna regluverði geri hann eignastýringarsamning. Sé starfsmaður í eignastýringu þegar hann hefur störf hjá bankanum, þarf að tilkynna regluverði um tilvist samningsins og afhenda yfirlit yfir fjármálagerninga sem eru eign viðkomandi starfsmanns á eignastýringarsafni. Ekki er krafist samþykkis regluvarðar til viðskipta sem fram fara á grundvelli eignastýringarsamnings ef fjárfest er samkvæmt fyrirfram ákvæðinni fjárfestingarstefnu og starfsmaður kemur ekki nærri einstökum fjárfestingarákvörðunum. Starfsmaður skal senda regluverði þau yfirlit yfir hreyfingar á eignastýringarsafni sem hann fær send frá bankanum. Allir starfsmenn sem hafa gert eignastýringarsamninga þurfa að afhenda regluverði skriflega yfirlýsingu þess efnis að þeir heimili regluverði að afla upplýsinga frá viðskiptastjóra eignastýringarsafns um eðli fjárfestinga á safninu. Þá skal starfsmaður afhenda regluverði afrit eignastýringarsamnings ásamt upplýsingum um fjárfestingarstefnu.

Starfsmaður skal staðfesta að hann muni ekki reyna að hafa áhrif á einstakar fjárfestingar á grundvelli eignastýringarsamnings. Viðskiptastjóri eignastýringarsafns skal tilkynna regluverði ef starfsmaður reynir að hafa áhrif á einstakar fjárfestingar. Þá skal starfsmaður jafnframt tilkynna regluverði um breytingar á eignastýringarsamningi eða fjárfestingarstefnu.

Ef starfsmaður telst til innherja hjá skráðum útgefanda á skipulögðum verðbréfamarkaði þá þarf viðkomandi að fylgja eftir reglum þess félags um viðskipti innherja.

13. EIGN Í FJÁRMÁLAGERNINGUM VIÐ UPPHAF STARFS

Starfsmenn skulu greina regluverði frá allri eign sinni í fjármálagerningum, þ.m.t. eign í óskráðum félögum, þegar þeir hefja störf hjá bankanum. Tilkynna skal regluverði um allar breytingar sem verða á eign þeirra. Starfsmenn og makar þeirra skulu eingöngu vera með VS-reikninga hjá bankanum.

14. ÞÁTTAKA Í ÚTBOÐUM

Starfsmönnum er óheimilt að taka þátt í almennum útboðum á fjármálagerningum sem bankinn gefur út eða almennum útboðum sem bankinn annast fyrir aðra útgefendur, nema því aðeins að í útboði sé óskað eftir tilboðum um hlut á föstu gengi en ekki tilboðum um verð einstakra bréfa, gengi eða vaxtakjör og að þeir gangi ekki fyrir sem fyrstir skrá sig. Í útboðslýsingu vegna almennra útboða skal greina frá því hvort starfsmönnum sé heimilt að taka þátt í útboðum og eftir hvaða skilmálum og skulu tilboð starfsmanna berast við upphaf fyrsta tilboðsdags.

Starfsmönnum er heimilt að taka þátt í útboðum þar sem þeir tilheyra hópi sem fær forgang eða sérkjör, s.s. þegar um er að ræða forgangsrétt hluthafa við áskrift að nýju hlutafé.

Við þátttöku í útboðum gilda önnur ákvæði reglnanna um slík viðskipti eftir því sem við getur átt, sbr. ákvæði um feril viðskipta og skráningu.

15. UM FORGANG VIÐSKIPTA („FRONT RUNNING“)

Hafi starfsmaður vitneskju um að bankinn hafi samþykkt pöntun frá viðskiptavini eða að tekin hafi verið ákvörðun um að eiga viðskipti fyrir hönd viðskiptavinar í eignastýringu, er honum óheimilt að eiga viðskipti með sama fjármálagerning fyrir eigin reikning þar til viðskipti hafa farið fram eða verið afturkölluð.

16. VIÐSKIPTI FARA Í BÁGA VIÐ HAGSMUNI VIÐSKIPTAVINA

Starfsmanni er óheimilt að eiga viðskipti með fjármálagerninga ef starfsmaður veit að viðskiptin hafi neikvæð áhrif eða er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á hagsmunum viðskiptavina bankans.

17. PERSÓNULEGUR ÁVINNINGUR

Taki vinna starfsmanns Landsbankans til fjárfestingaráðgjafar, þ.m.t. undirbúnings rannsóknarefnis eða viðskipta fyrir reikning bankans eða aðila sem bankinn stundar viðskipti fyrir, skal starfsmaðurinn ekki taka við eða þiggja neins konar ávinning, né bjóða eða gefa neinum aðila ávinning, sem líklegt má teljast að stangist á við skyldur starfsmannsins við viðskiptavini bankans. Ef einhvers vafa gætir skulu starfsmenn ráðfæra sig við regluvörð.

Ávinningur er skilgreindur sem hvers konar ábati eða gróði eða viðskipti sem ætlað er að forðast eða minnka tap eða kostnað, reiðufé eða aðrar eignir og hvers konar fyrirgreiðsla, áætlun eða upplýsingar, sem telst ekki til hefðbundinna viðskiptahátta.

18. RÁÐGJÖF OG ÖFLUN

Ef framangreindar takmarkanir í reglum þessum meina starfsmanni að taka beinan þátt í viðskiptum má viðkomandi ekki:

- a) Ráðleggja öðrum eða valda því að annar aðili (hvort sem um tengdan aðila er að ræða eður ei) taki þátt í slíkum viðskiptum.
- b) Miðla upplýsingum eða áliti til annars aðila ef starfsmaðurinn veit, eða hefur ástæðu til að ætla, að viðkomandi muni í kjölfarið taka þátt í slíkum viðskiptum eða ráðleggja öðrum eða valda því að annar aðili geri slíkt.

Þetta á ekki við um aðgerðir sem starfsmaður stendur að fyrir hönd viðskiptavina sem eðlilegan hluta af starfi sínu fyrir bankann.

Sem dæmi má nefna að þótt að eitthvert ákvæðanna hér að ofan meini starfsmanni að stunda viðskipti með ákveðin hlutabréf, þá þýðir það ekki að starfsmaðurinn megi ekki í góðri trú ráðleggja viðskiptavini að stunda slík viðskipti, að því tilskyldu að viðskiptavinurinn tengist ekki starfsmanninum persónulega eða fjárhagslega.

19. SÉRKJÖR

Bankinn veitir starfsmönnum og mökum þeirra afslætti af þóknunum vegna verðbréfavíðskipta samkvæmt gjaldskrá.

Sérkjör skulu ákveðin af rekstrarnefnd bankans. Frekari ívilnanir en ákveðnar eru samkvæmt þessu skulu ekki veittar.

20. BANKARÁÐ OG AÐILAR SEM EIGA VIRKAN EIGNARHLUT

Bankinn skal gæta þess að viðskipti við bankaráðsmenn, varamenn þeirra og aðila sem eiga virkan eignarhlut í bankanum séu ekki á nokkurn hátt tortryggileg eða til þess fallin að kasta rýrð á trúverðugleika og orðstír þeirra og bankans. Óskir þessara aðila um að bankinn annist kaup eða sölu fjármálagerninga fyrir þá skulu afgreiddar með sama hætti og óskir annarra viðskiptavina og ekki fá forgang á nokkurn hátt. Með virkum eignarhlut er átt við beina eða óbeina eignarhlutdeild í bankanum sem nemur 10% af útgefnu hlutafé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir það kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun bankans.

Ákvæði 1. mgr. tekur einnig til ytri endurskoðenda bankans og eftir atvikum fastra ráðgjafa hans.

Um viðskipti innherja með fjármálagerninga útgefna af bankanum fer samkvæmt reglum um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja.

21. REGLUVÖRÐUR

Regluvörður hefur eftirlit með því að viðskipti starfsmanna séu í samræmi við reglurnar og upplýsingar um einstök viðskipti kunna að verða send eftirlitsaðilum komi fram krafa um það. Brot á reglunum geta leitt til brottrekstrar starfsmanns án fyrirvara.

Regluvörður hefur heimild til að veita undanþágu frá reglunum í undantekningartilvikum (t.d. vegna bágrar fjárhagsstöðu starfsmanns svo framarlega sem slík undanþága brýtur ekki í bága við lög eða reglur, t.d. um forgangsröðun viðskipta (e. front –running) markaðsmisnotkun eða innherjaviðskipti. Senda þarf svar og rökstuðning fyrir undanþágu skriflega eða með tölvupósti til starfsmanns.